

LEIKSKÓLINN GRÆNATÚN

Starfsáætlun 2024 – 2025



KÓPAVOGSBÆR
OKTÓBER 2024

Efnisyfirlit

1.	Formáli	3
2.	Inngangur	3
3.	Leiðarljós leikskólans	3
4.	Mat á skólastarfi	4
	Innra mat leikskólans	4
	Innra mat 2023-2024	6
	Ytra mat 2023-2024	6
	Umbótaáætlun	6
5.	Áherslur í starfi leikskólans	6
	Þróunar- og nýbreytnistarf	6
6.	Foreldrasamstarf	6
	Foreldraráð	7
	Foreldrafélag	7
7.	Starfsmannamál	7
	Samsetning starfsmannahópsins	7
	Skipulagsdagar	8
8.	Aðrar upplýsingar	8
	Fjöldi barna í árgöngum	8
	Húsnæði og lóð	9
	Skólaárið 2023 - 2024	9
	Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025	9
	Öryggismál	9
9.	Fylgigögn	10
	Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	10
	Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	10
	Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	10
	Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	10

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2023-2024 var hefðbundið í Grænatúni og var lögð ríkjandi áhersla á að auka gleði og ánægju í skólastarfinu. Kennarar héldu uppi hefðbundnu skólastarfi og lögð var áfram áhersla á Lubba, Numicon og Vináttuverkefnið okkar, könnunarleik á yngstu deildinni sem og við hófum innleiðingu að UNICEF verkefninu okkar sem er vel á veg komin og hefur gengið vel. Við vorum með íþróttatíma í salnum okkar með reglulegum hætti sem og á útisvæði, unnum að útinámi barnanna og byggðum upp stundir með slökun og jóga.

Skólastarf 2024-2025 fer vel af stað og hlökkum til að takast á við breyttar áherslur í leikskólum Kópavogs. Nokkuð vel gekk að manna og lítum við björtum augum á veturinn. Við munum halda áfram okkar góða starfi og taka UNICEF verkefnið okkar föstum tókum sem og öðrum þáttum í okkar skólastarfi og byggja áfram okkar góða starf upp með aukinni þátttöku nemenda í mati á starfi skólans.

3. Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn Grænatún tekur mið af og vinnur eftir markmiðum þeim sem lög kveða á um. Helstu áherslur skólans í starfi eru virkt nám barnsins, að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálf „Learning by doing“ John Dewey. Dewey lagði áherslu á að virkja hina miklu athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Dewey taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga og samkvæmt kenningum John Dewey á barnið ávallt að vera í brennidepli. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og kærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölpætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.

Hver deild er einnig með sína starfsáætlun sem dýpkar enn frekar á starfi hverrar deildar fyrir sig sem sjá má á heimasíðu skólans.

Einkunnarorð skólans eru „**Leikur og gleði**“.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Grænatúns eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	X		X	
Faglegt samstarf		X	X	X
Leikskólaþróun og símenntun	X	X	X	X
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	X		X	
Námssvið leikskólans	X	X	X	X
Leikskóli margbreytileikans		X		X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		X		X
Fagmennska starfsfólks		X		X
Starfsánægja		X		X
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	X		X	
Velferð og líðan barna	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	X		X	
Viðhorf foreldra	X		X	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X

Opinber birting og umræður		X		X
----------------------------	--	---	--	---

Innra mat 2023-2024

Gerð var stjórnendakönnun sem niðurstöður hafa ekki borist úr þegar þessi starfsáætlun er unnin. Gögn voru unnin úr starfsmannasamtölum sem tekin voru á miðju skólaárinu og voru notuð í vinnslu áætlunarinnar. Unnið var úr listum frá menntasviði sem fylltir voru út um heilbrigði og vellíðan sem komu mjög vel út á sl. skólaári.

Gerð var umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025, hana er að finna aftast í þessu skjali í viðauka 1.

Ytra mat 2023-2024

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi. Niðurstöður úr stjórnendakönnun lá ekki fyrir skrif þessarar starfsáætlunar og mun því koma fram í næstu starfsáætlun.

Starfsmannasamtölin: Gegnumgangandi kom í ljós að starfsfólki fannst vanta áframhaldandi endurmenntun á okkar námsgögnum heilt yfir og munum setja það á dagskrá inn á okkar skipulagsdaga fyrir næsta skólaár 2024-2025. Við höfum lagt ríka áherslu á starfsmannahópinn og fengið fræðslu síðastliðið ár til að vinna með okkur sjálf í þágu starfsins. Nú þurfum við að efla okkur og styrkja í núverandi námsgögnum sem og nýjum aðferðum.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats. Árangur umbóta er metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Grænatúni er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Við munum halda áfram innleiðingu á UNICEF í átt að verða réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) sem er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar við að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Markmið réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum okkar að vera gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Teymi í skólanum verði orðin virk við fyrsta skipulagsdag í september og koma á reglulegum fundum og framkvæmdum og endurmati haldið við.

6. Foreldrasamstarf

Í leikskólanum Grænatúni er mikil áhersla lögð á góða samvinnu við heimili barnanna. Góð samvinna foreldra/forsjáraðila og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og

góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra/forsjáraðila og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Við hvetjum foreldra/forsjáraðila til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni. Foreldrar/forsjáraðilar eru ávallt velkomnir í leikskólann og velkomið taka þátt í starfinu.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega einu sinni í mánuði. Í því eru 2-3 foreldrar og skólastjóri. Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið fundar einu sinni til tvisvar á önn en að öðru leyti fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum lokaðan fésbókarhóp.

7. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum Grænatúni er gert ráð fyrir 9,97 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra og 1,65 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Á skólaárinu eru 19,42 stöðugildi, en þar af 4,14 stöðugildi vegna sérkennslu.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs.

Leikskólaárið 2024-2025 munu starfa í auk, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og sérkennslustjóra eru

- 4 leikskólakennarar með deildarstjórn,
- 2 leikskólakennarar,
- 1 leikskólaliði sem stefnir á leikskólakennaranám
- 2 háskólamenntaður starfsmaður
- 8 leikskólaleiðbeinendur og flestir með áratuga reynslu af leikskólastarfi
- 1 matráður
- 1 aðstoðarmatráður

Allir starfsmenn leikskólans eru í misháu starfshlutfalli.

Leikskólinn Grænatún er með mjög stábilt starfsmannahald og eru að jafnaði 1-3 stöðugildi sem rokka milli ára. Nú í upphafi skólaársins 2024-2025 misstum við tvo leikskólakennara úr okkar hópi sem fluttust út á land.

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, sem eykur faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans (sjá fylgiskjal 2). Námskeiðin eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagurinn 20. september

Áætlað að fara í ferð innanlands að skoða strauma og stefnur skóla utan höfuðborgarsvæðisins, fara í endurmat og hópefli. Förum yfir næstkomandi vetur, skipuleggjum og komum af stað teymunum innan leikskólans. Förum yfir UNICEF verkefnið og upplegg þess fyrir veturinn. Breyting á aðalnámskrá og vinnsla settar af stað í nýrri skólanámskrá leikskólans.

2. Miðvikudagurinn 13. nóvember

Farið í mat á deildum, farið yfir strauma og stefnur leikskólans og metum á hvaða vegferð við erum, UNICEF vinnsla og fleira.

3. Mánudagurinn 2. janúar

Fenginn fyrirlestur varðandi skólanámsskrá okkar sem unnið er að þennan vetur.

4. Miðvikudagurinn 12. mars

Skólanámskrárgerð og endurmenntun.

5. Föstudagurinn 16. maí

Vinnsla á endurmati skólastarfsins og endurmenntun.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau t.a.m. Karganámskeiðin og námskeið á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar. Starfsfólk er hvatt til að sækja öll þau námskeið sem þar eru að finna.

8. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna í árgöngum

2019	8 börn
2020	21 barn
2021	18 börn
2022	16 börn

Samtals 63 nemendur

Sérkennsla 2,17 stöðugildi og fjöldi tvítyngdra barna eru nú 19 talsins og þar af leiðandi er skólinn komin í yfir 30% í tvítyngdum börnum.

Húsnæði og lóð

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða er komið á neðra svæði við leikskólann.

Skólaárið 2023 - 2024

Fengum nýja stóla fyrir nemendur á Skessudeild, farið var yfir loftræstingu á árinu sem og glugga á Skessudeild og voru endurnýjaðir nú í ágúst.

Endurnýjað var undirbúningsherbergið og sérkennslustjóraherbergið.

Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025

Innanhúss:

- Fá stóla og borð á allar deildar.
- Klára að dúkaleggja Trölladeild og Skessudeild.
- Laga hurðar við nemendasalarni.
- Mála leikskólann að innan.

Utanhúss:

- Þarf að endurskipuleggja náttúrusvæði á efra svæði leikskólalóðar.
- Laga aðgengi þeirra sem koma með vörur í eldhús og koma því helst við utan lóðar.
- Loka hliði endanlega til hliðar við hús Trölladeildarmegin.
- Gera varanlega við fótboltamörkin sem eru á fótboltavellinum okkar.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón. Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Í öryggisráði skólans sitja Bryndís Waage, Ingibjörg Erna Sigurðardóttir, Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir

Áfallaráð skólans skipa: Sigríður Ólafsdóttir, Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir og Sólveig María Kjartansdóttir.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2023-2024 voru 3 slys skráð og á árinu 2024 eru þau orðin 9 talsins. Við teljum að hér þurfi að gera bót á. Þessi tala er ekki alveg í samræmi við raunverulegt hlutfall og því teljum við að efla þurfi slysaskráningar. Oft virðist erfitt að greina hvar mörkin liggja við skráningu sem þarf að skerpa á, innan veggja skólans.

9. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Leggja fyrir Efi-2 skimun fyrir viðeigandi aldur	Stefna sveitarfélags	Fleiri á réttindanámskeið	2024/2025	Sérkennslustjóri	Öll börn fá niðurstöðu og unnið með hana	2 farið á réttindanámskeið, fyrirlaginn í réttum farvegi
Bæta virkni og auka hreyfingu á útisvæðinu okkar starfsfólk og börn	Endurmat deilda	Setja upp svæðaskipan í útveru sem og koma af stað útinámsteymi	2024/2025	Útinámsteymið	Efla virkni og nám á útisvæði	Teymið komið í gang og er á fyrstu stigum
UNICEF	Innleiðing	Funda 1 sinni í mánuði	Haust 2024/2025	Aðstoðarskólastjóri ásamt UNICEF teymi skólans	Símenntunaráætlun	Erum farin af stað með verkefnið innan skólans og UNICEF teymið okkar heldur utan um verkefnið
Börn verði þátttakendur í að búa til samskipta og umgengnisreglur; samræma milli deilda		Stofna umræðuhópa barna og vinna út frá niðurstöðum þeirra.	2024/2025	Deildarstjórar	Reglur útgefnar.	Fara í gang í október
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins		Nemendaráð kemur saman og vinnur að umgjörð að „Nemendur hafa áhrif“	2024/2025	Aðstoðarleikskólastjóri ásamt UNICEF teyminu	Sýnilegar breytingar sem rekja má til innleggs barna til að hafa áhrif á starf skólans	Hópurinn heldur fundir reglulega og kemur með umræður inn á skipulagsdaga og með öðrum boðleiðum
Börn komi að mati á leikskólastarfinu		Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna	2024/25	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Í vinnslu í að festa í sessi
Hljóðvist í húsnæði		Skoða lausnir eins og mottur, gluggatjöld, skilrúm, hópaskipting í rýmum, bolta undir stóla	2024	Skólastjórnendur	Starfsfólk meti hljóðvist betri en áður.	Hefst 2024
Starfsmannasamtöl		Stjórnendur taki frá tíma, kynni fyrir starfsfólki til að skapa pressu	2025 jan-feb	Skólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Janúar /febrúar 2025

Atvika skráning		Farið yfir atvikaskráningar sl. árs sem voru ekki í samræmi við raunveruleikann og því verður gert átak í skráningum skólaárið 2024-2025	September 2023	Skólastjórnendur og deildarstjórar	Að allir skrái samviskusamlega inn í atvikaskráningu og við sjáum raunverulegar tölur í lok skólaárs	
Vinnuaðstaða starfsfólks, meira næði og fundaraðstaða		Gera stundatöflu vegna undirbúningstíma og einstaklings- og hóppjálfun vegna nýtingar aðstöðu	2024	Stjórnendateymi	Stundatöflur liggi fyrir í janúar 2024	Er í vinnslu
Starfsmannafundur verði fleiri yfir árið þar sem við förum yfir starfið og endurmetum		Ræða markmið, skoða þróun fagfunda í öðrum leikskólum.	2024/2025	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir.	Áætlun er í vinnslu
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs okkar í Grænatúni		Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2024/2025	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks í mars 2025	Jákvæð sálfræði þema vetrarins og gerður verði samskiptasáttmáli Grænatúns og unnið markvisst að festa hann í sessi
Hljóm og aðrar skimanir		Haldið áfram markvisst um skimanir á nemendum leikskólans	2024/25	Sérkennslustjóri	Haldið utan um tölfraðilegar upplýsingar og skoðað milli ára	
Námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns; markvissara mat á framförum barna.		Markvissar umræður á deildum, nái til alls starfsfólks, skoða tæki til að hafa yfirsýn fyrir hvert og eitt barn og þeirra námsleiðir.	2024/2025	Deildarstjórar með sérkennslustjóra	Sjálfsmat deilda, fjölbreyttari matsform	Er í vinnslu
Efla málþroska og læsi		Lubbi fari í markviss virkni á öllum deildum. Ritmál sýnilegra í námsumhverfi. Fræðsla um málörvun til starfsfólks	2024/2025	Matsteymi/Umbótaþópur	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið	Umbótaþópur fer af stað og samræmir milli deilda í leikskólanum

Vinna markvisst með heimamenningu allra barna		Þemavika verði um heimamenningu	2024-2025	Matsteymi/Umbótagópur	Nýjar áherslur birtist í þemaviku	Breytt – nýtt þema tekið fyrir í þemaviku frá umbótagópi
Efla skráningar og nýtingu þeirra með fræðslu til starfsfólks		Fá inn fræðslu á skipulagsdegi, deildir setji sér markmið, búi til stundaskrá eða annað skipulag þar sem skráningar fá svigrúm	2024/2025	Matsteymi/Umbótagópur	Sjálfsmat deilda, skráningar sýnilegri	Fáum fyrirlestra í formi örfyrirlestra fyrir alla starfsmenn skólans

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tíma fjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Jan/feb 2024	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Unnið í yfirvinnu	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Almenn fræðsla og endurmenntun sjá nánar dagskrá skipulagsdaga			Unnið á vinnutíma, starfsmaður velferðarsviðs	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kynning á straumum og stefnum skólans	lok október	2 tímar		Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Dagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: GRÆNATÚN

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 S		1 Þ		1 F Flæði		1 S Fullveldisdagurinn		1 M Nýársdagur		1 L		1 L		1 Þ		1 F Venjaflokkdagurinn		1 S		1 Þ	
2 F		2 M		2 M Aðalfundur foreldrafélagsins		2 L		2 M		2 F Skipulagsdagur		2 S		2 S		2 M		2 F Flæði		2 M		2 M	
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F Flæði		3 M		3 M Bolludagur		3 F		3 L		3 Þ		3 F	
4 S		4 M		4 F Flæði		4 M Lestraratrik hefst		4 M		4 L		4 Þ		4 Þ Sprengidagur		4 F Flæði		4 S		4 M		4 F	
5 M	Frídagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F Heilgætur Örvissudelds		5 S		5 M		5 M Öskudagur		5 L		5 M		5 F		5 L	
6 Þ		6 F Flæði		6 S		6 M		6 F Heilgætur Övergir og Trölsudelds		6 M Þrettándinn Ljósadagur		6 F Dagur leikskólans		6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S	
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F Flæði		7 F Flæði		7 M		7 M		7 L		7 M	
8 F		8 S		8 Þ		8 F Baráttudagur gegn Félagsleysi, söm ganga		8 S		8 M		8 L		8 L		8 Þ		8 F		8 S Hvítasunnudagur		8 Þ	
9 F	Grænnaáðögun hefst	9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 S		9 M		9 F Vornars AD3		9 M Annar Hvítasunnudagur		9 M	
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 M		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F Sumarkun leikskólans	
11 S		11 M		11 F		11 M		11 M		11 L		11 Þ		11 Þ		11 F		11 S Grænatún 41 árs		11 M SUMARHÁTTÍÐ Foreldra		11 F	
12 M	Áðögun hefst	12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 M Skipulagsdagur		12 L		12 M		12 F		12 L	
13 Þ		13 F		13 S		13 M Skipulagsdagur		13 F		13 M		13 F		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S	
14 M	Foreldrafundur nýnema	14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 F Dagur stærðfræðinnar		14 M		14 M		14 L		14 M	
15 F		15 S		15 Þ		15 F Lestraratrik lýkur		15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F		15 Þ	
16 F		16 M		16 M		16 L Dagur íslenskrar tungu		16 M		16 F		16 S		16 S		16 M		16 F		16 F Skipulagsdagur		16 M	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M		17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	
18 S		18 M		18 F		18 M		18 M		18 L		18 Þ		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 F	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 L	
20 Þ		20 F Skipulagsdagur		20 S		20 M Dagur mannréttinda barna		20 F		20 M		20 F		20 F		20 S		20 Þ		20 F		20 S	
21 M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ		21 F Mömmuömmukvöld		21 F		21 M		21 M Annar í Þáskum		21 L		21 M	
22 F		22 S		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ	
23 F		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F		23 S		23 S		23 M		23 F		23 M		23 M	
24 L		24 Þ		24 F Vetrartri		24 S		24 Þ Aðfangadagur jóla		24 F Þorrlóð Páskahátíðar		24 M Vetrartri		24 M		24 F		24 L Sumardagurinn fyrsti		24 L		24 F	
25 S		25 M		25 F Vetrartri		25 M		25 L Jóladagur		25 L		25 Þ Vetrartri		25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	
26 M		26 F		26 L Fyrsti vetrardagur		26 Þ		26 F Annar í þáum		26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F		26 L	
27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 F Jólahátíð - Ísland		27 M		27 F		27 F		27 S		27 Þ		27 F Útskrift elstu barna		27 S	
28 M		28 L		28 M		28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 M		28 M		28 L		28 M	
29 F		29 S		29 Þ		29 F		29 S		29 M				29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ	
30 F		30 M		30 L		30 F		30 M		30 F				30 S		30 M		30 F		30 M		30 M	
31 L	Krakkahestar - auglýst síðar Dans - auglýst síðar			31 F		31 L		31 Þ		31 F				31 M				31 L					
		Áðögun		Vöðubúðir með þátttöku foreldra		Úppbrotisdagur		Vetrar og jólahátíð		Almennir frídagar		Skipulagsdagur											

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Grænatúns vegna starfsáætlunar 2024-2025

Foreldraráð hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun Grænatúns fyrir árið 2024-2025.

Mikil ánægja er hjá foreldraráði með störf leikskólans og við fögnum því sérstaklega að skólinn stígi mikilvæg skref í réttindaverkefni UNICEF á þessu ári. Við höfum mikla trú á því að réttindaverkefnið komi til með að gera okkar frábæra leikskóla, enn betri.

Við fögnum því einnig að það eigi að fara í markvissara útinám á leikskólalóðinni, líkt og fram kemur í umbótaáætluninni. Tækifærin eru svo sannarlega mörg á svona flottri leikskólalóð. Umbótaáætlunin sýnir að metnaðurinn fyrir starfi leikskólans er mikill hjá stjórnendum og starfsfólki og því fögnum við.

Starfsáætlunin er skýr og hnitmiðuð og endurspeglar hið góða starf sem fer fram í Grænatúni.

Foreldraráð Grænatúns 2024-2025

- Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir
- Guðrún Helgadóttir
- Anna Sigríður Hafliðadóttir